

---

# RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Þingvallastræti 23, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0997

Netfang: [rha@unak.is](mailto:rha@unak.is)

Veffang: <http://www.unak.is/rha>

---



## **KÖNNUN Á FYLGI STJÓRN MÁLAFLOKKANNA Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI**

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

---

**Febrúar 2003**


---

## 1. Inngangur

Í lok janúar og í fyrri hluta febrúar framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal íbúa í Norðausturkjördæmi. Var þar meðal annars spurt um hvaða flokk eða framboð fólk hygðist kjósa til Alþingis. Auk þessa var spurt um viðhorf til mikilvægis einstakra málaflokka. Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum þessa, auk þess sem svör um stuðning við flokka eru tengd viðhorfum til mikilvægis málefna. Auk þessa eru viðhorf til framboða og málefna greind eftir kyni, aldri og svæðum innan kjördæmisins. Skýrsluna vann Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur.

## 2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 29. janúar – 12. febrúar. Úrtakið, 1000 manns á aldrinum 18-80 ára búsettir í Norðausturkjördæmi var valið með slembiúrtaksaðferð úr þjóðskrá. Af 1000 manna upphaflegu úrtaki náðist aldrei til 100 einstaklinga af skýranlegum ástæðum og er því endanlegt úrtak 900 manns. Alls náðist samband við 884 einstaklinga sem er rúmlega 98% úrtaksins og féllust 635 (70,6% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 249 einstaklingar (27,7%) neituðu að taka þátt og ekki náðist til 16 einstaklinga (1,7%). Mynd 1 sýnir svörunina:




Mynd 1. Svarhlutfall.


Á mynd 2 má sjá aldurs- og kynjadreifingu þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Í hópnum 26-45 ára virðast karlar í minni mæli hafa tekið þátt í könnuninni og í meira mæli á aldrinum 46-65 ára. Úrtakið endurspeglar kynja- og aldursamsetningu á viðunandi hátt.

Á mynd 3 má sjá skiptingu þátttakenda eftir búsetu í kjördæminu. Þar má sjá að Akureyringar svara könnuninni í minna mæli en íbúar annars staðar á svæðinu en 42% íbúa svæðisins búa á Akureyri, 33% á Norðurlandi eystra og 25% á Austurlandi.


Á mynd 4 má sjá skiptingu þátttakenda eftir gömlu kjördæmaskipaninni. Þátttaka Austfirðinga í könnuninni er hlutfallslega best, eða 2 prósentustig umfram raunverulegt hlutfall af mannfjölda.



Mynd 2. Aldur og kyn þátttakenda í könnuninni.



Mynd 3. Búseta þátttakenda í könnuninni.




Mynd 4. Búseta eftir gömlu kjördæmaskipaninni.

### 3. Niðurstöður

Grunnbreyturnar í könnuninni eru: kyn, aldur og búseta. Hér fyrir aftan má líta niðurstöðurnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun.


#### 3.1. Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða myndir þú kjósa?

Spurt var hvaða flokk myndi viðkomandi kjósa ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þeir sem tóku ekki afstöðu strax voru beðnir um að svara hvað þeir teldu líklegast að þeir myndu kjósa. Meirihluti svarenda tilgreinir einhvern flokk eða framboð eða 63,3%, 6,5% ætla sér ekki að kjósa og 30,2% er óákveðinn eða neitar að svara þessari spurningu.




Mynd 5. Afstaða til flokka eða framboða í bæjarstjórnarkosningum.

Það eru því 381 einstaklingar í þessari könnun sem hafa gert upp við sig hvað þeir myndu kjósa í alþingiskosningunum. Skemmst er frá því að segja að 28,1% þeirra sem tóku afstöðu ætla sér að kjósa *Sjálfstæðisflokkinn* sem þýðir að hann fengi 3 kjördæmissæti í Norðausturkjördæmi eins og *Framsóknarflokkurinn* en þeirra fylgi er 27,8%. Fylgi *Samfylkingarinnar* er 24,1% sem þýðir 2 kjördæmissæti og *Vinstri hreyfingin grænt framboð*, fengi 1 kjördæmissæti en þeirra fylgi er 17,6%. Annar maður þeirra er líklegur til að ná uppbótarþingsæti en þriðji maður Samfylkingarinnar bankar þar einnig fast á dyrnar ásamt 4 manni bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sbr. töflu 1. Fylgi *Frjálslynda flokksins* er 2,4% sem þýðir að hann fengi engan mann inn. Miðað er við um 27 þúsund kjósendur og um 85% kjörsókn.



Mynd 6. Fylgi flokka í alþingiskosningum 2003 í Norðausturkjördæmi.



Mynd 7. Fylgi flokka í Alþingiskosningum 2003 í Norðausturkjördæmi,

Tafla 1. Skipting þingsæta í Norðausturkjördæmi samkvæmt niðurstöðunum.

Röð:	Listi:	Nafn:	Fjöldi atkvæða*:
1 maður	D1	Halldór Blöndal	6.484
2 maður	B1	Valgerður Sverrisdóttir	6.424
3 maður	S1	Kristján L. Möller	5.575
4 maður	U1	Steingrímur J. Sigfússon	4.060
5 maður	D2	Tómas Ingi Olrich	3.242
6 maður	B2	Jón Kristjánsson	3.212
7 maður	S2	Einar Már Sigurðarson	2.788
8 maður	D3	Arnbjörg Sveinsdóttir	2.161
9 maður	B3	Dagný Jónsdóttir	2.141
10 maður	U2	Þuríður Backman	2.030
11 maður	S3	Lára Stefánsdóttir	1.858
12 maður	D4	Sigríður Ingvarsdóttir	1.621
13 maður	B4	Birkir Jón Jónsson	1.606

\*Miðað er við um 27 þúsund kjósendur og um 85% kjörsókn


Fylgi flokkanna var greint eftir búsetu, aldri og kyni. Búsetu þátttakenda var skipt niður á tvennan hátt, annars vegar sem Akureyri, Norðurland eystra án Akureyrar og Austurland og hins vegar eftir gömlu kjördæmaskipaninni, Norðurland eystra og Austurland.<sup>1</sup>

Hvað búsetu varðar styðja hlutfallslega flestir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri, Samfylkinguna á Norðausturlandi og Framsóknarflokkinn á Austurlandi. Framsóknarflokkurinn á einnig töluvert fylgi á Norðausturlandi en á Akureyri er fylgi hans mun minna. Þessi munur sést mun betur þegar kjördæminu er tvískipt. Þó Sjálfstæðisflokkurinn sé áberandi stærstur á Akureyri þá er hann einnig næst stærsti flokkurinn á Austurlandi. Fylgi Frjálslyndaflokksins er nánast jafnlítið allsstaðar í kjördæminu. Samfylkingin á svipuðu fylgi að fagna í kjördæminu öllu en þó sínu lakast á Austurlandi. Fylgi Vinstri grænna er lítið á Austurlandi en mun meira annarsstaðar í kjördæminu. Þetta kemur greinilegrar fram þegar kjördæminu er tvískipt.


Lítið til kynja er helst að sjá mun milli kynja hjá Sjálfstæðisflokki og Samfylkingunni en Sjálfstæðisflokkurinn er mun sterkari meðal karla en kvenna. Þessu er öfugt farið með Samfylkinguna sem á mun meira fylgi meðal kvenna.

<sup>1</sup> Siglufjörður tilheyrir hér Norðurlandi Eystra.


Yngri kjósendurnir (26-45 ára) eru mjög hallir undir Sjálfstæðisflokk og áberandi er hversu lítil stuðningur aldurshópsins 26-35 ára er við Vinstri græna. Fylgi Sjálfstæðisflokks dalar meðal fólks eldra en 56 ára, sérstaklega eldri en 65 ára. Fylgi Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar dreifist jafnt á alla aldurshópa, nema hvað 36-45 ára virðast ekki ætla að styðja Framsóknarflokkinn í sama mæli. Nokkrar sveiflur eru í fylgi Vinstri grænna og elsti aldurshópurinn virðist styðja þá frekar en síst aldurshópurinn 26-35 ára.



Mynd 8. Fylgi flokka eftir þrískiptri búsetu í Norðausturkjördæmi.




Mynd 9. Fylgi flokka eftir tvískiptri búsetu í Norðausturkjördæmi.



Mynd 10. Fylgi flokka eftir kyni í Norðausturkjördæmi.






Mynd 11. Fylgi flokka eftir aldri í Norðausturkjördæmi.


### 3.2. Hvað málaflokka telur þú vera mikilvæga eða ekki mikilvæga í Alþingiskosningunum í vor?

Spurt var um mat fólks á mikilvægi nokkurra málaflokka sem telja má líklegt að verði í umræðunni og voru viðkomandi beðnir um að gefa hverjum þeirra einkunn á bilinu 1-4 þar sem 4 þýðir að málaflokkurinn sé mjög mikilvægur og 1 þýðir alls ekki mikilvægur. Málaflokkarnir eru: *Efnahags- og atvinnumál, velferðarmál, virkjana- og stóriðjumál, umhverfismál, evrópumál, samgöngumál og byggðamál*. Reiknuð var meðaleinkunn fyrir hvern málaflokk. Nær allir málaflokkar virðast hafa mikilvægi í augum svarenda því meðaltöl liggja á bilinu 2,49 - 3,83. Mikilvægust eru *efnahags- og atvinnumál* en *evrópumál* virðast vera síst mikilvæg að mati þátttakenda í þessari könnun.


Hér að aftan gefur að líta niðurstöður greininga á mikilvægi málaflokka í augum kjósenda. Fyrst er yfirlit yfir val allra svarenda og þar á eftir greining eftir kyni, aldri og búsetu þeirra. Þá er að finna greiningu á málefnaáherslum eftir flokkum og málefnum. Tala myndirnar hér fyrir aftan sínu máli í þessu sambandi.




Mynd 12. Mikilvægi málaflokka.




Mynd 13. Mikilvægi efnahags- og atvinnumála eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 14. Mikilvægi velferðarmála eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 15. Mikilvægi virkjana- og stóriðjumál eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 16. Mikilvægi félagsþjónustu/félagsmála eftir kyni, aldri og menntun.




Mynd 17. Mikilvægi evrópumála eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 18. Mikilvægi samgöngumála eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 19. Mikilvægi byggðamála eftir kyni, aldri og búsetu.




Mynd 20. Mikilvægi efnahags- og atvinnumála eftir flokkum.




Mynd 21. Mikilvægi velferðarmála eftir flokkum.




Mynd 22. Mikilvægi virkjana- og stóriðjumála eftir flokkum.



Mynd 23. Mikilvægi umhverfismála eftir flokkum.




Mynd 24. Mikilvægi Evrópumála eftir flokkum.




Mynd 25. Mikilvægi samgöngumála eftir flokkum.







Mynd 26. Mikilvægi byggðamála eftir flokkum.




Mynd 27. Mikilvægi málaflokka meðal kjósenda Framsóknarflokksins.




Mynd 28. Mikilvægi málaflokka meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins.



Mynd 29. Mikilvægi málaflokka meðal kjósenda Frjálslyndaflokksins.



Mynd 30. Mikilvægi málaflokka meðal kjósenda Samfylkingarinnar.



Mynd 31. Mikilvægi málaflokka meðal kjósenda Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.


### 3.3. Hvern eftirtalinna stjórnmalamanna vilt þú sjá sem forsætisráðherra næstu ríkisstjórnar?

Spurt var hvern eftirtalinna stjórnmalamanna viðkomandi vildi sjá sem forsætisráðherra næstu ríkisstjórnar. Nefndir voru: Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson. Einnig var gefinn kostur á því að svara einhverju öðru nafni sem og einnig því að svara valkostinum *enginn sérstakur*. Skemmst er frá því að segja að af þeim sem þegar hafa ákveðið hvaða flokk þeir ætla að kjósa vilja 36% þeirra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, 26% Davíð Oddsson, 10% Steingrím J. Sigfússona og 1% Össur Skarphéðinsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sækir sitt fylgi meðal kjósenda allra flokka, þar á meðal 5,2% kjósenda Sjálfstæðisflokksins. Davíð Oddsson sækir hins vegar ekkert fylgi til Samfylkingarinnar né Frjálslyndaflokksins. Fleiri Framsóknarmenn vilja sjá Davíð sem næsta forsætisráðherra en Ingibjörgu en liðlega helmingur Framsóknarmanna vill Halldór Ásgrímsson. Kjósendur Vinstri grænna fylkja sér um Steingrím J. Sigfússon og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Tafla 2. Hver á að verða næsti forsætisráðherra?

Flokkur:	Davíð Oddsson	Halldór Ásgrímss.	Ingibjörg Sólrún Gíslad.	Steingrímur J. Sigfússon	Össur Skarphéðinss.	Alls:
<b>Framsókn</b>	<b>19</b>	<b>49</b>	<b>15</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>87</b>
-innan flokksins	21,8%	56,3%	17,2%	1,1%	3,4%	100%
-innan manna	13,7%	86,0%	7,7%	3,0%	37,5%	20,1%
<b>Sjálfstæðisfl.</b>	<b>90</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>96</b>
-innan flokksins	93,8%	1,0%	5,2%			100%
-innan manna	64,7%	1,8%	2,6%			22,2%
<b>Frjálslyndir</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>4</b>
-innan flokksins			75,0%		25,0%	100%
-innan manna			1,5%		12,5%	0,9%
<b>Samfylkingin</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>81</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>85</b>
-innan flokksins		1,2%	95,3%		3,5%	100%
-innan manna		1,8%	41,5%		37,5%	19,7%
<b>Vinstri grænir</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>28</b>	<b>29</b>	<b>0</b>	<b>58</b>
-innan flokksins	1,7%		48,3%	50,0%		100%
-innan manna	0,7%		14,4%	87,9%		13,4%
<b>Veit ekki</b>	<b>29</b>	<b>6</b>	<b>63</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>102</b>
-innan flokksins	28,4%	5,9%	61,8%	2,9%	1,0%	100%
-innan manna	20,9%	10,5%	32,3%	9,1%	12,5%	23,6%
<b>Alls:</b>	<b>139</b>	<b>57</b>	<b>195</b>	<b>33</b>	<b>8</b>	<b>432</b>
-innan flokksins	32,2%	13,2%	45,1%	7,6%	1,9%	100%
-innan manna	100%	100%	100%	100%	100%	100%



Mynd 32. Hver á að verða næsti forsætisráðherra?